



3. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 5. október 2021.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL)

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK) framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Samstarfssamningur Mosfellsbæjar og Aftureldingar

Núverandi samstarfssamningur rennur út 31.12.2021 og mun Birna óska eftir formlegum viðræðum við Mosfellsbæinn.

Mörgum hugmyndum velt upp og var samhljómur um að núverandi samningur væri nokkuð góður en þörf væri að skerpa á nokkrum liðum sem snýr m.a. að framlagi til almenns rekstur á skrifstofu. Þörf er á auka stöðugildi sem gæti nýst þvert á deildir. Öll sambærileg félög eru með fleiri starfsmenn á skrifstofu og sífellt erfiðara er að fá sjálfboðaliða til að sinna krefjandi verkefnum við rekstur deilda. Þeir sem gefa sig í slík störf vilja helst eingöngu starfa sem næst íþróttastarfinu, ekki við umsýslu og rekstur.

Einnig verður óskað eftir framlagi frá bænum vegna Stafrænnar umbreytingar (Sessor) sem nemur amk þriðjungu við verkefnið eða 3,3 millj.

Fundi slitlið kl.20:00

Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.